

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2026

Mál nr. E-633/2025:

A

(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

gegn

VÍS tryggingum hf.

(Guðmundur Sæmundsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars sl., var höfðað 27. janúar 2025 af A, [...] í Reykjavík, gegn VÍS tryggingum hf., Ármúla 3 í Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess í 1. dómkröfu að stefnda verði gert að greiða stefnanda 4.300.000 krónur, ásamt 4,5% vöxtum skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 18. desember 2022 til 28. maí 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
- Þá krefst stefnandi þess í 2. dómkröfu *aðallega* að stefnda verði gert að greiða stefnanda 68.459.569 krónur, ásamt 4,5% vöxtum skv. 16. gr. laga nr. 50/1993 frá 18. desember 2022 til 26. október 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 11.849.146 krónur, dags. 2. júní 2024, og að fjárhæð 8.886.859 krónur, dags. 7. nóvember 2024.
- Til *vara* krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 47.312.686 krónur, ásamt 4,5% vöxtum skv. 16. gr. laga nr. 50/1993 frá 18. desember 2022 til 26. október 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 11.849.146 krónur, dags. 2. júní 2024, og að fjárhæð 8.886.859 krónur, dags. 7. nóvember 2024.
- Til *þrautavara* krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 44.998.479 krónur, ásamt 4,5% vöxtum skv. 16. gr. laga nr. 50/1993 frá 18. desember 2022 til 26. október 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til

greiðsludags. Allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 11.849.146 krónur, dags. 2. júní 2024, og að fjárhæð 8.886.859 krónur, dags. 7. nóvember 2024.

6. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
7. Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

A

8. Stefnandi er maður á fertugsaldri sem fæddist í Albaníu en flutti til Grikklands fimm ára gamall. Fyrir liggur að stefnandi kom til Íslands síðla árs 2022 til að starfa sem [...].
9. Hinn 18. desember 2022 lenti stefnandi í umferðarslysi þegar bifreiðinni [...] var ekið á stefnanda við þjóðveg eitt á Suðurlandsvegi við Reynisfjall, vestan við Vík í Mýrdal. Var stefnandi þá að moka snjó undan bifreið annars vegfaranda sem hafði ekið bifreið sinni út af og bifreiðin var föst í snjó. Af gögnum málsins má ráða að stefnandi hafi verið fluttur með sjúkrabíl til móts við þyrlu Landhelgisgæslunnar og þaðan á bráðamóttöku á Landspítala. Bifreiðin [...] var á slysdegi tryggð lögboðnum ökutækjatriggingum hjá stefnda.
10. Í lögregluskýrslu lögreglustjórans á Suðurlandi, dags. 11. janúar 2023, er aðstæðum á vettvangi slyssins 18. desember 2022 lýst nánar. Segir þar að er lögreglumaður hafi komið á vettvang slyssins hafi bifreiðin [...] verið á hægri akrein vegarins og hafi framendi hennar snúið í austur en tjón hefði orðið á hægri framenda bifreiðarinnar. Blóðdropar hefðu verið í snjó fyrir framan bifreiðina og undir henni. Fyrir aftan þá bifreið hafi verið önnur bifreið, [...], einnig á hægri akrein og framendi hennar í austur en tjón hefði jafnframt orðið á þeirri bifreið. Að auki hafi verið fyrir aftan [...] bifreiðin [...] utan vegar sunnan megin sem hafi verið föst í skafli. Er lögreglumaður kom á slysstað hafi stefnandi verið kominn inn í bifreið vegfarenda sem hafi stöðvað til að aðstoða hann. Sjúkraflutningamaður hafi sagt stefnanda mikið slasaðan, með opið beinbrot á læri.
11. Þá segir í lögregluskýrslunni að ökumaður bifreiðarinnar [...] hafi tjáð lögreglumanni að hún hafi misst stjórn á bifreið sinni og hafnað utan vegar í skafli. Tveir vegfarendur frá [...], stefnandi og B, hafi þá stöðvað bifreið sína skammt frá og komið henni til aðstoðar. Stefnandi og B hafi komið með skóflur og byrjað að moka snjó frá bifreiðinni og farþegi bifreiðarinnar, C, hafi aðstoðað þá. Bifreiðin [...] hafi svo ekið á mennina er hún kom úr vesturátt. C hafi lýst því svo að hann hafi ásamt stefnanda og B staðið við vinstri enda bifreiðarinnar [...] að moka snjó er slysið átti sér stað. Framburður B samkvæmt

lögregluskýrslu var á sama veg og tjáði hann lögreglumanni að hann, stefnandi og C hafi verið að reyna að ýta bifreiðinni [...] er bifreiðinni [...] hafi verið ekið aftan á fyrrnefndu bifreiðina og stefnanda. Af lögregluskýrslunni má ráða að eftir slysið hafi stefnandi verið fastur undir bifreið [...] og bifreiðinni hafi verið bakkað til þess að losa stefnanda undan henni.

12. Samkvæmt lögregluskýrslunni var ökumaður bifreiðarinnar [...] D sem kvaðst hafa ekið á stefnanda. Honum var kynnt réttarstaða sakbornings og blés hann í áfengismæli á vettvangi sem sýndi neikvæða niðurstöðu. Segir og í skýrslunni að á vettvangi hafi verið tvær akreinar í hvora áttina og hámarks hraði 90 km/klst. Snjóskaflar hafi verið á veginum og skafrenningur. Fremur hvasst hafi verið á vettvangi og blint á köflum.
13. Fyrir liggja jafnframt skýrslur lögreglustjórans á Suðurlandi vegna skýrslna sem C, E, eiginkona D, sem var farþegi í bifreið [...], stefnandi og D með réttarstöðu sakbornings, gáfu síðar hjá lögreglu. Báru umræddir aðilar að mestu á sama veg um atvik slyssins og greinir hér að framan. Fram kemur m.a. í vitnaskýrslu C að hættuljós bifreiðarinnar [...] hafi blikkað er slysið varð en stefnandi, C og B hafi allir verið dökklæddir. Bar E svo um í vitnaskýrslu sinni að þrjár sekúndur hefðu liðið frá því að ökumaður og farþegar bifreiðar [...] hefðu orðið þess varir að þrír menn hefðu staðið fyrir utan bifreið [...] og þar til fyrrnefnda bifreiðin hafnaði á hinni síðarnefndu og stefnanda. Allir mennirnir hafi verið dökklæddir og ekki hafi verið viðvörunarmerki eða ljós á [...]. Bar E svo um að D, ökumaður [...], hafi verið allsgáður og ekið á 60 km/klst. hraða 30 mínútum fyrir slysið en hún hafi ekki fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar er slysið átti sér stað. Stefnandi bar svo um í skýrslu sinni að hann hefði tekið eftir því að afturljós [...] hafi logað en myndi ekki hvort neyðarljós bifreiðarinnar hafi blikkað. Þá kom fram í skýrslu D að hann hafi verið að aka á um 40 km/klst. hraða skömmu fyrir áreksturinn en hann hafi ekki vitað hve hratt hann ók rétt fyrir slysið. Hálka hafi verið á vettvangi en sést hafi í malbik í hjólförum. Skyggni hafi verið slæmt á köflum vegna skafrennings. Þremmenningarnir, sem hafi aðstoðað ökumann [...], hafi allir verið dökklæddir.

B

14. Hinn 8. desember 2023 óskuðu aðilar málsins eftir því að matsmennirnir F læknir og G lögmaður mætu afleiðingar umferðarslyssins. Matsgerð umræddra matsmanna lá fyrir 30. apríl 2024. Í henni var m.a. stöðugleikatímapunktur stefnanda ákvarðaður 5. október 2023, varanlegur miski hans metinn 35 stig og varanleg örorka 20%.

15. Í kjölfarið krafði stefnandi stefnda um bætur á grundvelli matsgerðarinnar. Miðaðist bótakrafa vegna varanlegrar örorku við meðallaun viðskiptafræðinga samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Nam heildarkrafa stefnanda 57.701.969 krónum, þar af vegna varanlegrar örorku 40.335.150 krónum.
16. Stefndi féllst á að leggja matsgerðina til grundvallar en hafnaði því að miða ætti við meðallaun viðskiptafræðinga við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Stefndi sendi bréf til stefnanda um fullnaðaruppgjör bóta 21. maí 2024, þ. á m. um bætur vegna varanlegrar örorku að fjárhæð 11.849.146 krónur, með vísan til 1., sbr. 3., mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi samþykkti uppgjörið með fyrirvara.
17. Í kjölfarið leitaði stefnandi til örorkunefndar 22. júní 2024 og óskaði eftir álitni nefndarinnar á afleiðingum slyss stefnanda varðandi stöðugleikatímamunktur, varanlega örorku og varanlegan miska. Álitsgerð örorkunefndar lá fyrir 26. september 2024. Í henni var og lagt til grundvallar að stöðugleikamunktur stefnanda vegna slyssins væri 5. október 2023, miski hans metinn 45 stig og varanleg örorka 35%.
18. Þegar álitsgerð örorkunefndar lá fyrir krafði stefnandi stefnda um frekari bætur vegna slyssins með bréfi 9. október 2024. Var þar m.a. krafist bóta vegna 15% frekari örorku en lögð hafði verið til grundvallar í fyrrnefndu matsgerðinni og bótakrafan vegna örorkunnar, að fjárhæð 26.018.362 krónur, rökstudd með vísan til meðallauna viðskiptafræðinga. Greiddi stefndi stefnanda frekari bætur á grundvelli fullnaðaruppgjors 28. október 2024, m.a. að fjárhæð 8.886.859 krónur vegna varanlegrar örorku. Í uppgjörinu kom fram að útreikningur á varanlegri örorku byggði á sömu forsendum og í fyrra uppgjöri, þ.e. 1. mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefndi féllist ekki á að skilyrði 26. gr. laganna væru uppfyllt. Samþykkti stefnandi umrætt uppgjör með fyrirvara hinn 5. nóvember 2024.

C

19. Fyrir dóminum liggur svonefnd CDR-bíltæknirannsókn á bifreiðinni [...], Land Rover Discovery Sport, frá júní 2023, sem unnin var af bifvélavirkja að beiðni lögreglustjórans á Suðurlandi. Í henni kemur m.a. fram að umræddri bifreið hafi verið ekið á 79,25 km/klst. hraða tíu sekúndum fyrir slysið og hafi verið á 26,63 km/klst. hraða er ákoma varð og púðar sprungu út. Ástand hjólbarða bifreiðarinnar hafi verið gott, virkni miðstöðvar gott, bifreiðin búin framrúðuhiturum sem eyði móðu hratt og virkni og ástand rúðupurrkna hafi verið í lagi. Þá hafi hemlaprófun komið vel út.

D

20. Fyrir liggur sameiginleg bókun aðila um nám stefnanda. Þar kemur fram að framlögð gögn sýni að stefnandi hafi útskrifast með bakkalárgráðu frá viðskipta- og hagfræðideild The International Hellenic University 4. desember 2023. Stefnandi hafi hafið námið 16. september 2015 og hafi lokið 210 af 240 einingum eftir vorönn 2019. Þá hafi stefnandi lokið 10 eininga starfsnámi, annars vegar hjá National Bank of Greece á tímabilinu 13. júlí 2020 til 6. nóvember s.á., og hins vegar hjá fyrirtækinu Rhodescape G.P. á tímabilinu 18. apríl 2022 til 18. júní s.á. Stefnandi hafi skilað lokaritgerð, 20 einingum, 8. nóvember 2023.

E

21. Stefnandi gaf aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins og verður vísað til hennar eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður stefnanda

22. Stefnandi byggir á því að hann hafi aðeins fengið hluta af tjóni sínu bætt úr hendi stefnda. Dómkröfur hans lúti annars vegar að því að stefnda beri að greiða honum auknar miskabætur, þar sem ökumaður bifreiðarinnar [...] hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Hins vegar að sú afstaða stefnda, að reikna árslauð á grundvelli lágmarkslaunaviðmiðs 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, standist ekki nánari skoðun.
23. Hvað varðar miskabótakröfu stefnanda, sbr. dómkröfu 1, vísar stefnandi til a-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Ökumaður bifreiðarinnar [...] hafi sýnt af sér stórfelld gáleysi í aðdraganda slyssins, með því að aka bifreið sinni allt of hratt miðað við aðstæður og mun hraðar en svo að hann hefði stjórn á bifreiðinni og aðstæðum. Fyrirliggjandi lögregluskýrsla beri glögglega með sér að aðstæður á slysstað hafi verið afar varasamar. Hálka hafi verið á vegi, þungfært og gengið á með eljum. Haft sé eftir ökumanni bifreiðarinnar [...] í skýrslu hjá lögreglu að veðurskilyrði hafi verið slæm og lítið skyggni. Einnig komi fram í skýrslu lögreglu að snjóskafar hafi verið á veginum, skafrenningur, fremur hvasst og blint á köflum. Ökumaður [...] hafi engu skeytt um þær hættulegu aðstæður sem hafi myndast sökum veðurs á slysstað, og ekki hagað akstri sínum þannig að hann hefði fullnægjandi stjórn á bifreiðinni [...]. Bifreiðinni hafi verið ekið á 79,25 km/klst. hraða í hálku og blindbyl, er slys stefnanda atvikaðist. Ein af meginorsökum slyss stefnanda sé sá mikli hraði sem bifreiðin [...] hafi verið á í aðdraganda slyss

stefnanda, sem hafi orðið til þess að ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á henni. Sú staðreynd að bifreiðin [...] hafi verið búin ABS-hemlum kunni að hafa haft í för með sér að upplýsingar úr tölvu bifreiðarinnar sýni mun minni hraða en bifreiðin hafi verið á í umrætt sinn.

24. Vísar stefnandi til þess að ökumaður [...] hafi með aksturlagi sínu brotið gegn 2. mgr. 18. gr., 22. gr., 23. gr., 24. gr., 25. gr. og 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og þeirri grundvallarreglu sem felist í 4. gr. laganna um tillitsskyldu ökumanna. Hann hafi verið valdur að líkamstjóni stefnanda með stórfelldu og stórkostlegu gáleysi. Mat á því hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða ráðist af hlutlægum þáttum, frekar en einstaklingsbundnu mati eða mati tjónvalds sjálfs. Stefndi beri alfarið sönnunarbyrðina fyrir því að fyrir hendi séu atvik sem eiga að leysa stefnda undan bótaskyldu, að einhverju eða öllu leyti.
25. Hvað varðar dómkröfur í 2. lið stefnu, þá byggir stefnandi þær á því að við útreikning varanlegrar örorku vegna umferðarslyssins eigi að fara eftir ákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi í skilningi ákvæðisins á slysdegi í tilviki stefnanda og rétt sé að miða við meðallaun viðskiptafræðinga enda hafi stefnandi lokið námi sínu í viðskiptafræði er slysið varð. Þá hafi hann haldið sínu striki í náminu eftir slysið og unnið sem viðskiptafræðingur í Hollandi eftir námið. Eftir dvöl sína í Hollandi hafi stefnandi flutt til Íslands og hafið störf hjá fyrirtæki sem starfaði í ferðaþjónustu. Við ráðningu hafi stefnanda verið tjáð að heildarlaun yrðu 700.000–1.000.000 kr. Hafi stefnandi verið staðráðinn í að reyna að fá stjórnunarstarf í ferðaþjónustu á Íslandi ellegar stofna sitt eigið fyrirtæki á Íslandi. Í öllu falli hafi stefnandi verið ákveðinn í að nýta menntun sína til að hámarka laun sín sem vinnandi einstaklingur á Íslandi.
26. Varðandi óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 vísar stefnandi til þess að þegar slysið hafi orðið hafi hann lokið námi í sínu heimalandi, náð sér í nokkurra mánaða starfsreynslu í Hollandi og verið fluttur til Íslands til þess að vinna. Eftir tjónsdag hafi hann haldið sínu striki, búi enn á Íslandi og sé að reyna að finna starf við hæfi.
27. Að auki byggir stefnandi á því að túlkun stefnda á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 feli í sér brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sbr. lög nr. 33/1944, þ.e. ólögmeta mismunun á grundvelli þjóðernis. Stefnda sé ekki stætt á að horfa til væntanlegra tekna stefnanda sem tjónþola frá upprunalandi hans, en ekki því landi sem

stefnandi hafi búið í og starfað er hann slasaðist. Með afstöðu stefnda sé verið að mismuna stefnanda, fyrst og fremst á grundvelli þjóðernis. Þá skuli dómstólar tryggja að jafnræðis sé gætt við túlkun einstakra ákvæða almennra laga, líkt og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Aflahæfi manna njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og allar skerðingar á því verði að koma skýrt fram í lögum og vera byggðar á málefnalegum sjónarmiðum. Þá beri að túlka 7. gr. laga nr. 50/1993 í samræmi við óskráða meginreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur.

28. Varðandi þann mælikvarða sem stefnandi byggir á að réttari sé á líklegar framtíðartekjur sínar vísar hann, til stuðnings aðalkröfu sinn, til meðallauna viðskiptafræðinga árið 2022. Varakrafa stefnanda í þessum kröfulið grundvallist á meðaltali heildarlauna verkafólks á Íslandi árið 2022. Þá sé þrautavarakrafa stefnanda reist á þeim tekjum sem hann hefði haft sem starfsmaður ferðþjónustufyrirtækisins [...] ([...] ehf.), ef hann hefði haldið áfram störfum þar eða hjá sambærilegum aðila.

Helstu málsástæður stefnda

29. Stefndi byggir á því að með þegar uppperðum bótum til stefnanda með bótauppgjörum 2. júní 2024 og 7. nóvember 2024 sé líkamstjón stefnanda vegna slyssins 18. desember 2022 að fullu bætt og hann eigi ekki rétt til frekari bóta úr hendi stefnda.
30. Hvað varðar fyrri dómkröfu stefnanda um miskabætur vísar stefndi til þess að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að ökumaður bifreiðarinnar [...] hafi valdið slysinu með háttsemi sem geti talist stórfellt gáleysi í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Ekkert í málinu styðji að um skeytingarleysi ökumanns hafi verið að ræða. Háttsemi ökumanns bifreiðarinnar [...] hafi ekki falið í sér verulegt og ámælisvert frávik frá eðlilegri háttsemi. Því sé alfarið hafnað að meginorsök slyssins hafi verið mikill hraði bifreiðarinnar enda eigi þau rök sér enga stoð í gögnum málsins. Jafnvel þótt dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að ökumaður bifreiðarinnar hefði ekið hratt miðað við aðstæður myndi það ekki fela sjálfkrafa í sér að um stórkostlegt gáleysi væri að ræða. Sannað sé að bifreiðinni [...] hafi verið ekið undir leyfðum hámarkshraða og skyggni verið gott á köflum, auk þess sem viðvörunarljós hafi ekki verið á bifreiðunum sem voru kyrrstæðar og enginn viðvörunarþríhyrningur á veginum. Þá sé því alfarið hafnað að upplýsingar úr tölvu bifreiðarinnar sýni mun minni hraða en hraði bifreiðarinnar hafi verið umrætt sinn. Þrátt fyrir að hálkublettir hafi verið víða og ökumaður bifreiðarinnar lent á einum slíkum sé því hafnað að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki haft stjórn á

bifreiðinni og aðstæðum umrætt sinn. Ekkert í gögnum málsins styðji að ökumaður [...] hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 við akstur bifreiðarinnar.

31. Að auki vísar stefndi til þess að stefnandi hafi sýnt vítaverða hegðun með því að standa fyrir utan bifreiðina sem staðsett var á veginum, í þeim veðuraðstæðum sem voru umrætt sinn og dökklæddur. Þá hafnar stefndi því að sönnunarbyrði hvíli á honum um að skilyrði miskabóta séu ekki fyrir hendi enda sé sú staðhæfing stefnanda í trássi við dómaframkvæmd.
32. Hvað varðar seinni dómkröfur stefnanda mótmælir stefndi þeim máltilbúnaði stefnanda að ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi við í hans tilviki heldur fari um bætur honum til handa eftir 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 7. gr. þeirra.
33. Varðandi skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 um óvenjulegar aðstæður vísar stefndi til þess að aðstæður sem vara í lengri tíma geti ekki talist óvenjulegar. Í fyrirbyggjandi samhengi sé því mótmælt að vottorð um námslok af viðskiptafræðideild úr grískum háskóla hafi þýðingu eða sé sönnun um námslok stefnanda. Samkvæmt skjalinu eigi stefnandi að hafa hafið nám á árinu 2015 og verið í námi til ársins 2019. Á matsfundi á árinu 2024, níu árum eftir að stefnandi eigi að hafa hafið nám, kveðist stefnandi „nánast hafa verið búinn að ljúka námi og aðeins átt eftir að ljúka lokaritgerðinni“ þegar hann lendir í slysinu. Þá hafi stefnandi á á matsfundi sagst hafa skilað lokaritgerðinni af sér í desember 2023 og hafi því „nýlega útskrifast með BS-gráðu“ þegar matsfundur fór fram.
34. Vísar stefndi til þess að samkvæmt framlögðum gögnum hafi stefnandi hafið nám 2015 og enn lagt stund á það árið 2023 og því ekkert óvenjulegt við þær aðstæður stefnanda. Þá leggi stefnandi fram launaseðla vegna starfa sem viðskiptafræðingur í Hollandi sem eigi að sýna tekjur hans þar í landi, en í fyrirbyggjandi matsgerðum fjalli stefnandi aldrei um að hafa starfað sem viðskiptafræðingur í Hollandi. Þvert á móti kveðist hann hafa farið til Hollands að vinna á bílapartasölu við að rífa í sundur vörubíla og önnur stór ökutæki. Stefndi hafnar því að stefnandi hafi starfað sem viðskiptafræðingur, í Hollandi eða annars staðar, og telur það með öllu ósannað.
35. Þá vísar stefndi til þess að stefnandi hafi flutt til Íslands í október/nóvember á árinu 2022 og hafið störf í ferðaþjónustu þar sem hann hafi starfað í tvo mánuði fyrir slysið. Þannig hafi stefnandi aðeins búið hér á landi í u.þ.b. tvo mánuði á slysdegi og ekki markað sér starfsvettvang á Íslandi. Eftir slysið hafi stefnandi hætt störfum og flutt í kjölfarið til Grikklands. Ætlun stefnanda hafi aldrei verið að setjast hér að heldur eingöngu að dvelja hér á landi tímabundið.

36. Varðandi skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 um annan tekjumælikvarða sem sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola byggir stefndi á því að atvinnuþátttaka stefnanda fyrir og eftir slysið og launatekjur hans renni ekki stoðum undir það að meðallaun viðskiptafræðinga, verkafólks eða ætlaðar tekjur starfsmanna [...] teljist réttari mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda en lágmarkslaun. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á með gögnum að annað árslaunaviðmið hafi á slysdegi verið réttara um líklegar framtíðartekjur. Ótækt sé að meðallaun stefnanda taki mið af meðaltekjum þeirra sem starfa á Íslandi enda hafi hann starfað hér á landi í tvo mánuði, aldrei sýnt fram á launatekjur sem svari til meðallauna þeirra starfsstétta sem krafa hans byggi á og ætlun hans hafi aldrei verið að búa hér til frambúðar. Möguleg hækkun á tekjum eftir ákveðinn tíma sem fjallaleiðsögumaður sé ekki sönnun á því að stefnandi hafi ætlað sér að vera svo lengi á Íslandi í því starfi og þannig ósannað að hann hefði nokkurn tímann náð þeim tekjum.
37. Vísar stefndi sérstaklega til þess að haft sé eftir stefnanda í gögnum málsins að hann hafi eingöngu ætlað að starfa sem fjallaleiðsögumaður tímabundið, eða í eitt ár. Þá hafi ekki verið lögð fram skattagögn sem sýni tekjur stefnanda eftir slysið, þ.e. á árinu 2023 eða síðar. Verði fallist á óvenjulegar aðstæður í tilfalli stefnanda sé lágmarkstekjuviðmið, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, réttasti mælikvarðinn á framtíðartekjur stefnanda. Verði að telja eðlilegt og sanngjarnt að miða við lágmarkslaun þar sem tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjónsatburði.
38. Stefnandi mótmælir því að um sé að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis og brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ákvörðun um árslaunaviðmið ráðist af því hvað telja megi gefa réttasta mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola í hverju tilviki óháð þjóðerni. Verði ekki séð að lágmarkstekjuviðmið 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 séu röng og óréttmæt eða andstæð atvinnufrelsis-, eignaverndar- og jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar eða mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða

A

39. Stefnandi lenti í umferðarslysi 18. desember 2022 og er ekki deilt um bótaskyldu stefnda vegna fjárhagslegs tjóns stefnanda eða afleiðingar slyssins. Ágreiningslaust er að leggja skuli álitserð örorkunefndar frá 26. september 2024 til grundvallar varðandi prósentuhlutfall örorku stefnanda. Lýtur ágreiningur aðila að því *annars vegar* hvort stefnandi eigi rétt til miskabóta úr hendi stefnda á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga

nr. 50/1993 og *hins vegar* hvort beita skuli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 við útreikning örorkubóta til handa stefnanda og meta árslaun sérstaklega.

B

40. Hvað varðar miskabótakröfu stefnanda, sbr. 1. dómkröfu hans, þá er hún byggð á a-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 þar sem fram kemur að heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Sönnunarbyrði um að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt hvílir á stefnanda og hverfist ágreiningur málsaðila um sagnæmisstig ökumanns bifreiðar [...] er henni var ekið á stefnanda 18. desember 2022.
41. Óumdeilt er að hámarkshraði á vettvangi, þ.e. á þjóðvegi eitt á Suðurlandsvegi við Reynisfjall, er 90 km/klst. Fyrir liggur skýrsla um bílataknirannsókn til handa lögreglu vegna aksturs bifreiðarinnar [...], en samkvæmt henni var bifreiðinni ekið á 79,25 km/klst. hraða tíu sekúndum fyrir slysið og var hún á 26,63 km/klst. hraða er ákoma varð og þúðar sprungu. Í skýrslunni kemur og m.a. fram að ástand bifreiðarinnar hafi verið gott.
42. Engum stoðum hefur verið skotið undir þann málatilbúnað stefnanda að hemlalæsikerfi bifreiðarinnar hafi haft áhrif á skráningu hraða í aksturstölvu bifreiðarinnar. Þá verður ekki ráðið hvaða þýðingu ákvæði 2. mgr. 18. gr. og 22. til 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem stefnandi vísar til í málatilbúnaði sínum, hafa fyrir sakarefnið en ákvæðin varða akstur á eftir öðru ökutæki, þegar ökutæki mætast og reglur um framúrakstur.
43. Af fyrirbyggjandi skýrslum lögreglu og vætti vitna hjá lögreglu má ráða að veður hafi á slysdegi verið breytilegt og fremur þungbúið og snjóþekja á vegi. Gengið hafi á með skafrenningi, blint á köflum, færð hafi verið þung og eljagangur. Þá hafi skyggnið verið lítið rétt áður en slysið varð, svo sem ráða má m.a. af skýrslu ökumanns bifreiðarinnar [...].
44. Fyrir liggur jafnframt að stefnandi stóð dökklæddur í vegkanti þjóðvegur eitt að aðstoða við að moka undan og ýta bifreið [...] vinstra megin við afturenda hennar, en sú bifreið virðist samkvæmt gögnum málsins hafa verið á vegöxlinni á þjóðveginum í akstursátt ökumanns bifreiðar [...]. Ekki verður ráðið að viðvörunarþríhyrningur hafi gert viðvart um [...] á kanti þjóðveggarins eða hvort neyðarljós bifreiðarinnar hafi logað. Þá bera gögn málsins með sér að ökumaður bifreiðar [...] hafi verið allsgáður við aksturinn.

45. Í ljósi atvika málsins og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um akstur og ökuhraða bifreiðar [...] og aðstæður á vettvangi slyssins hefur stefnanda ekki auðnast sönnun þess að gáleysi ökumanns bifreiðar [...] teljist á svo háu stigi að það sé stórfellt í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993, en sönnunarbyrði þar um hvílir á stefnanda. Þótt ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki lagt rétt mat á aðstæður á vettvangi bera gögn málsins með sér að veðurbreytingar og aðstæður í kringum bifreið [...] hafi leikið stærstan þátt í orsök slyssins, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Hæstaréttar frá 1. nóvember 2007 í máli nr. 171/2007. Mistök ökumannsins við aksturinn eru þannig ekki þess eðlis að gáleysi teljist stórfellt og verður stefndi því sýknaður af miskabótakröfu stefnanda.

C

46. Koma þá til úrlausnar dómkröfur stefnanda í 2. lið dómkrafna hans sem varða útreikning bóta vegna varanlegrar örorku hans í kjölfar slyssins. Meginregla skaðabótalaga nr. 50/1993 um ákvörðun árslauna til útreiknings bótafjárhæðar vegna varanlegrar örorku er sú, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, að árslau til ákvörðunar bóta skv. 6. gr. laganna skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Þá er í 3. mgr. 7. gr. laganna mælt fyrir um að árslau við ákvörðun bóta skuli ekki vera lægri en þar er mælt fyrir um, en fjárhæðir ákvæðisins taka breytingum samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Óumdeilt er að launatekjur stefnanda árin 2019, 2020 og 2021, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, voru undir lágmarkslaunum skv. 3. mgr. 7. gr. laganna, svo sem nánar verður og rakið.
47. Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 segir að árslau skuli þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Til að fallist verði á að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 eigi við þurfa því tvö skilyrði að vera uppfyllt. Annars vegar að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður og hins vegar að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur en sá sem fjallað er um í 1. mgr. greinarinnar. Sönnunarbyrði fyrir því að báðum skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sé mætt hvílir á stefnanda, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 1. nóvember 2023 í máli nr. 17/2023 og 22. febrúar 2018 í málum nr. 70/2017 og 71/2017 og dóm Landsréttar 1. desember 2023 í máli nr. 474/2022.

48. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1999, sem breyttu 7. gr. laga nr. 50/1993, kemur m.a. fram að viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár fyrir tjón sé að jafnaði eðlileg þegar um sé að ræða einstakling í launuðu starfi og að launatekjur liðinna ára séu oftast góð vísbending um launatekjur komandi ára. Launatekjur liðinna ára séu á hinn bóginn ekki góður mælikvarði hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða megi að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða hann látið af starfi og hafið töku lífeyris. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Á sama hátt yrði tekjuviðmiðun námsmanns, sem væri að ljúka starfsréttindanámi, eðlilegust miðað við það starf.
49. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þess sem varð að lögum laga nr. 37/1999, sem breytti 8. gr. laga nr. 50/1993, kemur fram að við þær aðstæður að námslok tengd starfsferli eða starfsréttindum megi teljast fyrirsjáanleg verði að meta möguleika námsmannsins til að gegna því starfi sem hann stefndi að með menntun sinni. Eigi þetta við hvort heldur slys valdi því að hann verði að hætta námi eða það dragi úr starfsgetu í fyrirhuguðu starfi. Fari tekjuviðmið í slíku tilviki eftir sérreglunni í 2. mgr. 7. gr. Í tilviki námsmanna hefur í dómaframkvæmd verið horft til námsframvindu tjónþola og þá einkum hversu langt viðkomandi var kominn í námi á tjónsdegi, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 19. desember 2006 í máli nr. 246/2006 og 10. mars 2016 í máli nr. 331/2015.
50. Hvað varðar skilyrðið um óvenjulegar aðstæður stefnanda, þá liggur fyrir að hann hóf nám til öflunar bakkalárgráðu í viðskiptafræði 16. september 2015 við The International Hellenic University og hafði lokið 210 af 240 einingum í því námi eftir vorönn 2019. Í kjölfarið lauk hann 10 eininga starfsnámi, annars vegar hjá National Bank of Greece 13. júlí 2020 til 6. nóvember s.á. og hins vegar hjá fyrirtækinu Rhodescape G.P. á tímabilinu 18. apríl 2022 til 18. júní s.á. Fyrir liggur jafnframt að hann skilaði lokaritgerð 8. nóvember 2023, eftir slysið, sem nam 20 einingum og öðlaðist í kjölfarið bakkalárgráðu í viðskiptafræði.
51. Auk námsins segir í álitsgerð örorkunefndar frá 26. september 2024 að stefnandi hafi í kjölfar þess að hann lauk grunnskólanámi á Ródos í Grikklandi 18 ára gamall farið í háskólanám. Hann hafi m.a. starfað fyrir banka um hálf árs skeið en áður hafi hann unnið í u.þ.b. eitt ár hjá fyrirtæki sem seldi ýmsar tæknilausnir og starfað þar sem sölu- stjóri. Þá hafi stefnandi verið virkur í íþróttum og m.a. verið í landsliði í rúgbí sem hafi

verið ólaunað. Hann hafi líka lagt stund á „skydiving“ og „spear fishing“, auk þess að stunda siglingar og haft próf sem „skipper“ um borð í siglingaskútum. Þá hafi stefnandi stundað talsvert klifur og m.a. klifið allmörg fjöll. Í nóvember 2022 hafi hann hafið störf sem leiðsögumaður á vegum [...] og hafði unnið sem jöklaleiðsögumaður fyrir fyrirtækið í u.þ.b. tvo mánuði er hann lenti í slysinu. Stefnandi hafi hugsað sér að starfa sem leiðsögumaður í a.m.k. eitt ár og e.t.v. fara í frekara háskólanám á Íslandi. Öll framtíðaráform hafi vegna afleiðinga slyssins ekki orðið að veruleika. Hann hafi starfað hálf tilið 2024, einkum um sumarið, sem stýrimaður á skútu, en fengið lítið greitt fyrir starfið.

52. Þá segir í fyrirnefndri matsgerð læknis og lögmanns frá 30. apríl 2024, vegna afleiðinga slyss stefnanda, að stefnandi hafi unnið margvísleg störf samhliða háskólanámi sínu. Hann kveðist hafa starfað hjá National Bank of Greece í um sex mánaða skeið í starfsnámi. Þegar Covid-19 heimsfaraldur hafi gengið yfir hafi hann misst starfið og þá farið til Hollands að vinna á bílapartasölu við að rífa í sundur vörubíla. Síðasta starf hans áður en hann kom til Íslands hafi verið í skemmtigarði á Ródos þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri og séð um daglegan rekstur. Um hafi verið að ræða fullt starf en hann hafi upphaflega byrjað þar í starfsnámi. Í matsgerðinni er haft eftir stefnanda að hann hafi stefnt að því, fyrir slysið, að vera hér á landi í alla vega eitt ár og fara hugsanlega í meistaranám í viðskiptafræði.
53. Í aðilaskýrslu fyrir dómi bar stefnandi m.a. um að Ísland hafi höfðað til hans varðandi framtíðaráform um störf tengd viðskiptafræði. Hann vinni nú á ferðaskrifstofu hér á landi við skiplagningu ferða um landið og leggi stund á meistaranám í alþjóðlegri endurskoðun og viðskiptafræði. Stefnandi hafi farið til Grikklands fjórum mánuðum eftir slysið til þess að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar og fá meiri endurhæfingu en svo komið aftur til Íslands í leit að starfi innan ferðageirans. Starfsnám hans í júlí til nóvember 2020 hafi verið launað. Hann hafi unnið á Grikklandi árin 2019 og 2020 sem þjónn, söluráðgjafi hjá fyrirtækinu Dixons South East Europe og hjá Hertz-bílaleigu. Þá hafi hann starfað á bílapartasölu í Hollandi í maí 2021 til loka þess árs. Þá hafi hann unnið í skemmtigarði á Ródos í starfsnámi frá apríl til júní 2022. Að auki hafi hann á tímabilinu 18. júní 2022 til október/nóvember það ár unnið í Grikklandi á bát með skipstjórnarréttindi, en um hafi verið að ræða lausráðna vinnu fyrir einstaka daga.
54. Líkt og fyrr greinir hafði stefnandi lokið bóklegu námi til öflunar viðskiptafræðigráðu, þ.e. 210 einingum af 240, eftir vorönn 2019. Í kjölfarið stundaði hann starfsnám til

öflunar samtals 10 eininga vegna námsins samhliða því að vinna ýmsar launaðar vinnur er ekki virðast tengjast umræddu námi með beinum hætti, en upplýsingar um eðli þeirra starfa sem stefnandi sinnti hafa að litlu leyti verið lögð fyrir dóm. Þá liggur fyrir að stefnandi kom til Íslands til þess að starfa sem leiðsögumaður og hafði sinnt slíkum störfum um afar skamma hríð er slysið varð, en gögn málsins gefa raunar fremur til kynna að stefnandi hafi ekki á þeim tíma haft hug á að starfa lengi hér á landi. Að auki verður ekki ráðið að störf sem stefnandi sinnti fyrir slysdag, utan starfsnáms, hafi tengst námi hans til öflunar viðskiptafræðigráðu, en stefnandi hóf nám til öflunar bakkalárgráðunnar rúmlega sjö árum fyrir slysdag. Bera gögn málsins þannig þess merki að stefnandi hafi nýtt aflahæfi sitt um nokkurt skeið án tillits til námsins. Þá liggja og fyrir takmörkuð gögn um það starf sem stefnandi sinnir nú fyrir ferðapjónustufyrirtækið [...], m.a. hvort það hafi beinan snertiflöt við viðskiptafræðigráðu stefnanda.

55. Auk framangreinds liggja afar takmörkuð gögn fyrir um tekjur stefnanda árin 2019 til 2021, þ.e. á viðmiðunartímabili sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur stefnanda árin 2019 og 2020. Fyrir liggja launa-seðlar frá hollenska fyrirtækinu Handelsoonderneming M. Vos V.O.F. vegna launa stefnanda vegna vinnu í þágu félagsins en af þeim má ráða að stefnandi hafi verið í fullri vinnu frá maí 2021 til ársloka þess árs og þegið laun í evrum. Óumdeilt er að umræddar launatekjur eru undir bótafjárhæð 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993.
56. Ófært er að álykta af þeim afar takmörkuðu gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn um tekjur stefnanda á umræddu tímabili, vegna starfa sem hann hefur borið um að hafa sinnt, að þær séu vegna óvenjulegra aðstæðna ómarktækar um líklegar framtíðartekjur hans, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 18. febrúar 2010 í máli nr. 169/2009.
57. Samkvæmt staðgreiðsluskrá Skattsins fékk stefnandi greidd laun frá [...] ehf. að fjárhæð 308.712 krónur vegna launatekna í desember árið 2022 sem er í samræmi við framlagðan launaseðil frá félaginu, en um var að ræða laun vegna 53,67 tímaeininga auk vaktaálags og orlofs. Þá liggur fyrir hluti ráðningarsamnings stefnanda við félagið [...] ehf. frá 21. október 2024 en upplýsingar um ráðningarkjör, eðli starfans og starfshlutfall koma þar ekki fram.
58. Þegar gögn málsins eru virt heildstætt verður ekki fallist á með stefnanda að honum hafi auðnast sönnun þess að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 á slysdagi og að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans en árslaunaviðmið skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 3 mgr.

ákvæðisins. Þannig hefur stefnandi ekki skotið nægjanlegum stoðum undir það að full-yrða megi að breytingar á högum hans hafi staðið fyrir dyrum vegna náms hans er slysið varð. Þá er í ljósi þess hvernig hann hagar málatilbúnaði sínum fyrir dómi um tekjur á viðmiðunartímabili skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 ófært að fallast á kröfur stefnanda.

59. Hvað varðar þann málatilbúnað stefnanda að túlkun stefnda á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 feli í sér ólögmeta mismunun gagnvart honum á grundvelli þjóðernis í andstöðu við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, þá hefur hér að framan verið brugðið mælistiku fyrrnefnda lagaákvæðisins á aðstæður stefnanda og í ljósi framlagðra gagna um tekjusögu hans. Ekki verður fallist á með stefnanda að sú túlkun feli í sér mismunun gagnvart stefnanda enda hvílir á honum, líkt og öðrum tjonþolum óháð þjóðerni eða fyrri dvalarstað, sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sé mætt, en honum hefur ekki auðnast sú sönnun. Þegar sú staða er fyrir hendi fer um bætur vegna líkamstjóns eftir 3. mgr. 7. gr. laganna sem tryggir tilteknar lágmarksbætur vegna líkamstjóns og fer það hvorki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar né vegur að aflahæfi stefnanda sem nýtur verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Verður og í ljósi alls framangreinds ekki fallist á með stefnanda að niðurstaða málsins sé í ósamræmi við meginreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur.
60. Eru af framangreindum sökum skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 ekki uppfyllt. Verður því fallist á með stefnda að uppgjör á tjóni stefnanda skuli fara eftir 3. mgr. 7. gr. laganna. Þar sem stefndi hefur greitt bætur í samræmi við það verður krafa hans um sýknu af dómkröfum stefnanda í 2. lið dómkrafna jafnframt tekin til greina.

D

61. Rétt þykir að málskostnaður falli niður milli aðila. Málið fluttu Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður fyrir stefnanda og Guðmundur Sæmundsson lögmaður fyrir stefnda.
62. Sindri M. Stephensen héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Það athugast að dómari tók við máli þessu 7. janúar sl. en hafði fram að þeim tíma engin afskipti af meðferð þess.

Dómsorð:

Stefndi, VÍS tryggingar hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, A.
Málskostnaður fellur niður.